



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík 25. apríl 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla (viðurkenning námsbrautarlýsingar o.fl.), 282. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla (viðurkenning námsbrautarlýsingar o.fl.), 282. mál.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið lagabreytingarinnar sé að styrkja lagagrundvöll vinnustaðanáms í framhaldsskólum með hliðsjón af reynslu af reglugerð nr. 180/2021, sem tók gildi árið 2021. Vert er þó að benda á að sú reglugerð er nú í endurskoðun. Þá er frumvarpinu einnig ætlað að byggja á niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2017. Þar kemur meðal annars fram að markmið laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 hafi ekki náðst og að fjármögnun sé ekki í samræmi við þá stefnu sem lögin kveða á um.¹ Í skýrslunni er jafnframt gagnrýnt að Vinnustaðanámssjóður hafi ekki tryggðan tekjustofn og að fjármögnun skóla taki ekki mið af raunverulegum kostnaði við dýrar námsleiðir á borð við iðn- og starfsnám. Samkvæmt greiningu samtakanna hefur 600–1.000 nemendum verið hafnað á hverju ári um inngöngu í iðnnám, einkum vegna skorts á fjármagni og húsnæði. Stærstu iðnskólarnir eru nú þegar fullnýttir og ekkert svigrúm er til fjölgunar nema án þess að verulegt fjármagn komi til. Nauðsynlegt er að aðgerðir stjórnvalda taki mið af því að skýrslur, svo sem frá Ríkisendurskoðun (2017), hafa sýnt að núverandi kerfi stenst hvorki fjárhagslega né faglega.²

Samtökin hafa áður komið sjónarmiðum sínum á framfæri vegna málsins í samráðsgátt stjórnvalda, fyrst við áform um breytingar 5. mars 2025 (mál nr. S-37/2025)³ og síðar í umsögn um drög að frumvarpi frá 2023 (mál nr. S-157/2023)⁴. Við nánari skoðun á frumvarpinu má sjá að ekki hefur verið brugðist við athugasemdum samtakanna og ítreka þau því hér með eftirfarandi atriði sem snerta grunnstoðir iðnnáms á Íslandi, einkum hvað varðar ábyrgð og framkvæmd vinnustaðanáms.

I. Þörf á samþættingu námsbrauta

Samtökin gera athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins er varða iðnnámsbrautir í framhaldsskólum. Iðnnám byggir á öðrum forsendum en aðrar námsbrautir, þar sem námsbrautarlýsingar taka mið af starfalýsingum og hæfnikröfum viðkomandi greina og eru

¹ <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2017-Starfsmenntun-a-framhaldsskolastigi.pdf>

² https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Skortur-idnskola-a-fjarmagni-og-videigandi-husnaedi-veldur-skorti-a-idnmenntudum_13-12-2023.pdf

³ [Umsögn um drög að breytingu á lögum um framhaldsskóla \(námsbrautir o.fl.\)](#).

⁴ [Umsögn um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla \(vinnustaðanám, innritun o.fl.mál nr. 157/2023](#)

starfsréttindi lögvarin að loknu sveinsprófi. Í þessu samhengi er nú til staðar óútskýrður munur á nokkrum brautarlýsingum innan sömu iðngreina, sem veldur því að nemendur eiga erfitt með að flytja sig milli skóla og fá ekki nám sitt metið. Er þetta vandamál sérstaklega áberandi þegar vægi áfanga og einstakra námsþátta í námsbrautarlýsingum er mismunandi, sem og þegar sömu áfangaheiti og númer í faggreinum eru sett á ólík hæfniprep. Samtökin leggja því áherslu á samþættingu brauta milli skóla í sömu iðngreinum og að innleidd verði gæðakerfi námsbrauta í lög um framhaldsskóla. Með slíkum aðgerðum væri hægt að tryggja að nemendur fái nám metið milli skóla og að nám sé í takt við þarfir atvinnulífsins, uppfært eftir síðustu starfálýsingum atvinnulífsins.

II. Vinnustaðanám og hlutverk framhaldsskóla

Í 12. gr. frumvarpsins er lagður til nýr málslíður við 1. mgr. 30. gr. laga um framhaldsskóla sem kveður á um að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi teljist sem hluti af námsmati. Í því samhengi leggja samtökin áherslu á að rafræn ferilbók er fyrst og fremst skráning á framvindu nemanda á vinnustað með það að markmiði að meta hæfni hans. Hæfnimatið byggir á samningi milli meistara og nema og samkvæmt núverandi fyrirkomulagi telst hæfni nemanda náð þegar hann hefur uppfyllt allar kröfur í rafrænni ferilbók, skráð þær sjálfur og fengið staðfestingu meistara. Vilja samtökin ítreka fyrri afstöðu sína, sem fram kom í umsögn samtakanna um áform til breytinga á lögum um framhaldsskóla, dags. 11. september 2023, mál 154/2023, um að óhjákvæmilegt er, miðað við eðli vinnustaðanáms og uppbyggingu, að horfa á það mat sem þar fer fram með öðrum augum en hefðbundið námsmat í skólum. Telja því samtökin ekki rök hníga til þess að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi sé skilgreint sem hluti af námsmati líkt og 12. gr. frumvarpsins um breytingu á 1. mgr. 30. gr. laga um framhaldsskóla ber með sér.

Sé hugmyndin að fella mat á hæfni nemanda skv. rafrænni ferilbók undir fulltrúa skóla skv. áðurgreindu ákvæði, myndi það fela í sér grundvallarbreytingu á tilhögun vinnustaðanáms, sem samtökin gjalda varhug við. Í greinargerð með frumvarpinu um 12. gr. kemur m.a. fram að fulltrúar skóla og vinnustaðar meta hæfni nemenda samkvæmt hæfnikröfum starfsins. Þá segir jafnframt að ástæða þess að mat á hæfni nemanda teljist hluti af námsmati sé til þess að styrkja rétt nemandans til skýringa og úrlausnar ágreinings vegna mats á hæfni í vinnustaðanámi. Að mati samtakanna er afar óskýrt hver aðkoma fulltrúa skóla er í þessu samhengi í ljósi þess að eingöngu meistari hefur yfirsýn yfir hæfni og getu nemandans í verklegum þáttum á vinnustað. Staðfesting á hæfni nemenda í vinnustaðanámi og einstökum verkþáttum ferlibókar, nánar tiltekið námsmat í vinnustaðanámi, er og á að vera alfarið á forræði iðnmeistara og/eða tilsjónarfólks í umboði viðkomandi meistara. Samtökin kalla eftir auknum skýrleika með tilliti til ofangreindra athugasemda.

III. Ráðningarsamningar og kjaramál

Samtökin vilja leiðrétta misskilning sem birtist í 11. gr. frumvarpsins og varðar 28. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins kemur fram að framhaldsskólar beri ábyrgð á ráðningarsamningum og kjaramálum nemenda í vinnustaðanámi. Umrætt ákvæði þarfnast að mati samtakanna endurskoðunar enda er það hlutverk skóla að stuðlar að framkvæmd náms og halda utan um skráningu en ekki að bera ábyrgð á launakjörum eða ráðningum. Ráðningarsamband nemanda og vinnustaðar fellur undir lög og kjarasamninga á

vinnumarkaði. Skólum ber því ekki að bera ábyrgð á slíkum samningum eða skyldum sem snúa að launakjörum nemenda.


Jafnframt vilja samtökin ítreka mikilvægi þess að í lögunum verði gerður skýr greinarmunur á annars vegar almennri starfsþjálfun og hins vegar vinnustaðanámi í löggiltum iðngreinum. Í löggiltum iðngreinum, þar sem námi lýkur með sveinsprófi, hefur vinnustaðanámið sérstöðu. Þar byggist hæfnimat á staðfestum færniþáttum samkvæmt aðalnámskrá og gildandi hæfnikröfum greinarinnar. Slíkt mat er á ábyrgð viðkomandi iðnmeistara, ekki skóla. Skóli getur stutt við framkvæmdina með skráningu námsframvindu en ber ekki faglega ábyrgð á matsniðurstöðum.

IV. Jákvæð breyting á ákvæðum um samninga við rekstur einkaskóla

Samtökin fagna áformum um endurskoðun á samningum sem fjallað er um í 16. gr frumvarpsins. Kemur þar fram að ráðherra er heimilt að framlengja samning skv. 2. mgr. um allt að fimm ár í senn. Mikilvægt er að styrkja stöðu einkarekinna skóla sem bjóða upp á iðn- og tækninám, raunfærnimat og sveigjanlegt nám (dreif-, fjar- og kvöldnám). Skortur er á slíkum úrræðum og mikil eftirspurn frá einstaklingum og atvinnulífi eftir aðgengilegu námi og matsleiðum.

Samtökin óska eftir tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,



Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum
hjá Samtökum iðnaðarins